

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 381/2019 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.

#### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/667 frá 19. desember 2018 um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 um að fresta gildistöku stöðustofnarskyldu fyrir ákveðna OTC-afleiðusamninga, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020, skal gilda hér á landi. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 69/2020 frá 29. október 2020, bls. 252-254.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 15. gr. laga nr. 15/2018, um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, og öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 11. október 2021.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Guðmundur Kári Kárason.*